



Koddi úr neti, grasi og fíflum

Fréttabréf skólaþjónustunnar



8. tbl. júní 2014



Símenntun næsta haust—samstarf Árborgar og Árnesþings

Það er ánægjulegt að greina frá því að skólaþjónusta Árborgar og Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings munu í samstarfi bjóða skólum í Árnessýslu þátttöku í námskeiðum á næstu haustönn. Skólaþjónusta Árborgar mun bera ábyrgð á fjórum námskeiðum. Þetta eru námskeið fyrir stærðfræðikennara á unglingastigi og jafnvel einnig kennara í fyrstu stærðfræðiáföngum í FSU. Þar er helsta markmiðið að skapa samstarfsvettvang og styrkja kennara í fjölbreyttum

kennsluháttum. Einnig námskeið í upplýsingatækni í kennslu þar sem farið er í hvernig tæknin getur nýst í almennri kennslu. Námskeið fyrir list- og verkgreinakennara sem endar með listsýningu í listasafni Árnesinga í janúar. Loks námskeið fyrir íþróttakennara þar sem kennarar eru undirbúnir fyrir kennslu í anda nýrrar aðal-námskrár. Einnig verða unnar skólanámskrár einstakra skóla.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings er ábyrgðaraðili fyrir námskeiðunum:

Markþjálfun fyrir stjórnendur leik- og grunnskóla þar sem leitast er við að veita stjórnendum verkfæri til þess að takast á við erfið mál og vinna lausnamiðað. *Fjölbreyttar leiðir í námsmati* þar sem helsta markmiðið er að kennarar styrkist í að beita fjölbreyttum námsmatstækjum. *Hagnýt ráð í kennslu og skipulag kennslustofunnar* en þar er farið í það hvernig hægt er að skipuleggja nám og kennslustofuna vegna nemenda á einhverfurófi, með ADHD og hegðunarerfiðleika. Fjölbreytt og spennandi námskeið sem margir ættu að geta nýtt sér.



Lummur eldaðar úti.

Krækjur:

[Möguleikar á notkun Khan academy í kennslu](#)

[Rannsókn; tölvuleikir í kennslu](#)

[Heimasíða Reggio Emilia leikskóla; Garden Gate](#)

[Andlitslyfting á kennslustofu :\)](#)

[Endurmenntunar-námskeið: Miðstöð skólaþróunar HA](#)

[Moodle vinnusmiðja: Menntavísindastofnun](#)

[Hí stök einingabær námskeið í boði haust 2014](#)

Vallaskóli—Stærðfræðinámskeið yngsta stig og miðstig

Vallaskóli mun standa fyrir námskeiði fyrir stærðfræðikennara á yngsta stigi og miðstigi í Árborg. Þar verður m.a. fjallað um

fjölbreytta kennsluhætti, hæfniviðmið, námsmat og hlutbundna nálgun í stærðfræðinni.

Lykilhæfni—Setrið Sunnulækjarskóla

Í Setrinu í Sunnulækjarskóla hafa nemendur fengið að efla lykilhæfni sína með því að vinna að samþættum verkefnum út frá áhugasviði sínu. Þetta hefur virkað vel í kennslu, t.d. í

landafræði í 7.bekk og lífsleikni í 8.bekk. Á ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun sem haldin verður 14.ágúst verður hugmyndin um lykilhæfniverkefni kynnt.

Þróunarverkefnið Gullin í grenndinni—vorhátíð

Þann 3. júní sl. var haldin vorhátíð á vegum þróunarverkefnisins *Gullin í grenndinni*. Þátttakendur voru tveir elstu árgangar leikskólans Álfheima og 1., 2. og 6. bekkur Vallaskóla eða um 190 nemendur.

Þátttakendur hittust fyrir framan leikskólann Álfheima. Síðan var

gengið í skrúðgöngu í Vinaskóg þar sem steiktur voru lummur yfir opnum eldi og unnið á ýmsum stöðvum. Á myndlistarstöðinni var teiknað og málað með mold og rauðrófusafa. Nemendur rannsökuðu fjölbreytt dýralíf á vísindastöðinni. Einnig var tónlistarstöð,

þrautabraut, þríföturhlaup, hringjakast og frjáls leikur. Veðrið lék við þátttakendur og voru allir ánægðir að degi loknum, bæði nemendur og kennarar. Myndirnar í fréttabréfinu voru teknar þennan dag.



Vísindastöðin